

DAGBÓK

Apótek

Kvöld-, nætur- og helgidagavarsla apóteka í Reykjavík 17. apríl til 23. apríl er í Laugavegs Apóteki og Holts Apóteki. Það apótek sem fyrr er nefnt annast eitt vörsluna frá kl. 22.00 að kvöldi til kl. 9.00 að morgni virka daga en kl. 22.00 á sunnudögum. Upplýsingar um lækni- og lyfjapjónustu eru gefnar í síma 18888.

Neyðarvakt Tannlæknafélags Íslands er starfrækt um helgar og á stórhátíðum. Símsvari 681041.

Hafnarfjörður: Hafnarfjarðar apótek og Norðurbæjar apótek eru opin á virkum dögum frá kl. 9.00-18.30 og til skiptis annan hvern laugardag kl. 10.00-13.00 og sunnudag kl. 10.00-12.00. Upplýsingar í símsvara nr. 51600.

Akureyri: Akureyrar apótek og Stjórnu apótek eru opin virka daga á opnunartíma búða. Apótekin skiptast á sína vikuna hvort að sinna kvöld-, nætur- og helgidagavörslu. Á kvöldin er opið í því apóteki sem sér um þessa vörslu, til kl. 19.00. Á helgidögum er opið frá kl. 11.00-12.00 og 20.00-21.00. Á öðrum tímum er lyfjafraeðingur á bakvakt. Upplýsingar eru gefnar í síma 22445.

Apótek Keflavíkur: Opið virka daga frá kl. 9.00-19.00. Laugardaga, helgidaga og almenna frídaga kl. 10.00-12.00.

Apótek Vestmannaeyja: Opið virka daga frá kl. 8.00-18.00. Lokað í hádegina milli kl. 12.30-14.00.

Selfoss: Selfoss apótek er opið til kl. 18.30. Opið er á laugardögum og sunnudögum kl. 10.00-12.00.

Akranes: Apótek bæjarins er opið virka daga til kl. 18.30. Opið er á laugardögum kl. 10.00-13.00 og sunnudögum kl. 13.00-14.00.

Garðabær: Apótekið er opið rúmhelga daga kl. 9.00-18.30, en laugardaga kl. 11.00-14.00. **Alnæmisvandinn.** Samtök áhugafólks um alnæmisvandann vilja stýðja smíða og sjúka og aðstandendur þeirra, sími 28586.

Læknavakt

Læknavakt fyrir Reykjavík, Seltjarnarnes og Kópavog er í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur alla virka daga frá kl. 17.00 til 08.00 og á laugardögum og helgidögum allan sólarhringinn.

Á Seltjarnarnesi er læknavakt á kvöldin kl. 20.00-21.00 og laugard. kl. 10.00-11.00. Lokað á sunnudögum. Vítjánaþeir, símaráðgjengingur og tímapantari í síma 21230. **Borgarspítalinn** vakt frá kl. 08-17 alla virka daga fyrir fólk sem ekki hefur heimilislækni eða nær ekki til hans (sími 696600) en slysa- og sjúkravakt (Slysa-deild) sinnir slösuðum og skyndiveikum allan sólarhringinn (sími 81200). Nánari upplýsingar um lyfjapjónustu og læknapjónustu eru gefnar í símsvara 18888.

Ónæmisáðgerðir fyrir fullorðna gegn mænuðott fara fram á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur á þriðjudögum kl. 16.00-17.00. Fólk hafi með sér ónæmisskrteini.

Garðabær: Heilsugæslustöðin Garðaföt 16-18 er opin 8.00-17.00, sími 656066. Læknavakt er í síma 51100.

Hafnarfjörður: Heilsugæsla Hafnarfjarðar, Strandgötu 8-10 er opin virka daga kl. 8.00-17.00, sími 53722. Læknavakt sími 51100.

Kópavogur: Heilsugæslan er opin 8.00-18.00 virka daga. Sími 40400.

Keflavík: Neyðarþjónusta er allan sólarhringinn á Heilsugæslustöð Sudunesja. Sími: 14000.

Sálran vandamál: Sálfræðistöðin: Ráðgjöf í sálfræðilegum eignum. Sími 687075.

Sjúkrahús

Landspítalinn: Alla daga kl. 15 til 16 og kl. 19 til kl. 20.00. **Kvænadeildin:** Kl. 19.30-20.00. **Sængurkvænadeild:** Alla daga vikunnar kl. 15-16. Heimsóknartími fyrir feður kl. 19.30-20.30. **Barnaspítali Hringinsins:** Kl. 13-19 alla daga. **Óldrunarætlingsdeild Landspítalans Hátúni 10B:** Kl. 14-20 og eftir samkomulagi. - **Landakotspítali:** Alla virka kl. 15 til kl. 16 og kl. 18.30 til 19.00. **Barnadeild 16-17:** Heimsóknartími annarra en foreldra kl. 16-17 daglega. - **Borgarspítalinn í Fossvogi:** Mánudaga til föstudaga kl. 18.30 til 19.30 og eftir samkomulagi. Á laugardögum og sunnudögum kl. 15-18.

Hafnarbúðir: Alla daga kl. 14 til kl. 17. - **Hvítbandið,** hjúkrunardeild: Heimsóknartími frjáls alla daga. **Grensásdeild:** Mánudaga til föstudaga kl. 16-19.30. - **Laugardaga og sunnudaga kl. 14-19.30.** - **Heilsuverndarstöðin:** Kl. 14 til kl. 19. - **Fæðingarheimili Reykjavíkur:** Alla daga kl. 15.30 til kl. 16.30. - **Kleppspítali:** Alla daga kl. 15.30 til kl. 16 og kl. 18.30 til kl. 19.30. - **Flókadeild:** Alla daga kl. 15.30 til kl. 17. **Kópavogshælið:** Eftir umtali og kl. 15 til kl. 17 á helgidögum. - **Vífilsstaðaspítali:** Heimsóknartími daglega kl. 15-16 og kl. 19.30-20. - **Geðdeild:** Sunnudaga kl. 15.30-17.00. **St. Jósefsspítali Hafnarfirði:** Alla daga kl. 15-16 og 19-19.30.

Sunnuhlið hjúkrunarheimili í Kópavogi: Heimsóknartími kl. 14-20 og eftir samkomulagi. **Sjúkrahús Keflavíkurflakniskerfa** og heilsugæslustöðvar: Vaktþjónusta allan sólarhringinn. Sími 14000. **Keflavík-sjúkrahúsið:** Heimsóknartími virka daga kl. 18.30-19.30. Um helgar og á hátíðum: Kl. 15.00-16.00 og 19.00-19.30. **Akureyri - sjúkrahúsið:** Heimsóknartími alla daga kl. 15.30-16.00 og 19.00-20.00. Á barnadeild og hjúkrunardeild aldraðra Sel 1: Kl. 14.00-19.00. Slysavarðstofusími frá kl. 22.00-8.00, sími 22209. **Sjúkrahús Akraness:** Heimsóknartími Sjúkrahúss Akraness er alla daga kl. 15.30-16.00 og kl. 19.00-19.30.

Slökkvilið - Lögregla

Reykjavík: Neyðarsími lögreglunnar er 11166 og 0112. **Seltjarnarnes:** Lögreglan sími 611166, slökkvilið og sjúkrabifreið sími 11100. **Kópavogur:** Lögreglan sími 41200, slökkvilið og sjúkrabifreið sími 11100. **Hafnarfjörður:** Lögreglan sími 51166, slökkvilið og sjúkrabifreið sími 51100. **Keflavík:** Lögreglan sími 15500, slökkvilið og sjúkrabifreið sími 12222, sjúkrabifreið sími 11401 og 11138. **Vestmannaeyjar:** Lögreglan, sími 11666, slökkvilið sími 12222 og sjúkrabifreið sími 11955. **Akureyri:** Lögreglan símar 23222, 23223 og 23224, slökkvilið og sjúkrabifreið sími 22222. **Ísafjörður:** Lögreglan sími 4222, slökkvilið sími 3300, brunasími og sjúkrabifreið sími 3333.

Ráðstefna Alþýðuflokksins: Velferðarkerfið — nútíð — framtíð

„Velferðarkerfið — nútíð — framtíð“ er yfirskrift opinna ráðstefnu, sem Alþýðuflokkurinn — Jafnaðarmannaflokkur Íslands stendur fyrir laugardaginn 25. apríl á Hótel Loftleioðum. Dagskráin hefst kl. 13 með setningarræðu Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra. Að því loknu munu Sigurður Snævarr hagfræðingur, Þorkell Helgason aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra, Bragi Guðbrandsson aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, og Jón Torfi Jónasson dósent við H.I. hafa framsögu um ólík svið velferðarkerfisins. Fundarstjóri verður Valgerður Gunnarsdóttir, sjúkráþjálfari og varaþingmaður Alþýðuflokksins, sem mun gefa ráðstefnugestum kost á að taka þátt í umræðum.

Það er óhætt að segja að endurskoðun íslenska velferðarkerfisins hafi verið mikið til umræðu að undanföngu og uppi eru skiptar skoðanir um leiðir og árangur í þeim efnunum. Alþýðuflokkurinn boðar til ráðstefnunnar til þess að gefa mönnum kost á að taka beinan þátt í umræðunni, fá betri aðgang að sérfræðingum á þessu sviði, auk gleggri upplýsinga um stöðu velferðarkerfisins í dag og um stefnumótun framtíðarinnar.

Apótek

Kvöld-, nætur- og helgidagavarsla apóteka í Reykjavík 24. apríl til 30. apríl er í Lyfjabúðinni í Lönnu og Garðs Apóteki. Það apótek sem fyrr er nefnt annast eitt vörsluna frá kl. 22.00 að kvöldi til kl. 9.00 að morgni virka daga en kl. 22.00 á sunnudögum. Upplýsingar um lækni- og lyfjapjónustu eru gefnar í síma 18888.

Bílanir

Ef bílar rafmagn, hitaveita eða vatnsveita má hringja í þessi símanúmer:

Rafmagn: Í Reykjavík, Kópavogi og Seltjarnarnesi er sími 686230. Akureyri 24414, Keflavík 12039, Hafnarfjörður 51336, Vestmannaeyjar 11321.

Hitaveita: Reykjavík sími 82400, Seltjarnarnesi sími 621180, Kópavogur 41580, en eftir kl. 18.00 og um helgar í síma 41575, Akureyri 23206, Keflavík 11515, en eftir lokun 11552. Vestmannaeyjar sími 11088 og 11533, Hafnarfjörður 53445.

Sími: Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarnesi, Akureyri, Keflavík og Vestmannaeyjum tilkynnist í síma 05.

Bílanavakt hjá borgarstofnunum (vatn, hitaveita o.fl.) er í síma 27311 alla virka daga frá kl. 17.00 til kl. 08.00 og á helgum dögum er svarað allan sólarhringinn. Tekið er þar við tilkynningum á veitukerfum borgarinnar og í öðrum tilfellum, þar sem borgarþjónusta þurfa að fá aðstoð borgarstofnana.

Gengisskráning

	Kaup	Sala
Bandaríkjadollar.....	59,530	59,690
Sterlingspund.....	104,773	105,054
Kanadadollar.....	50,417	50,553
Dönsk króna.....	9,2280	9,2528
Norsk króna.....	9,1402	9,1647
Sænsk króna.....	9,8953	9,9219
Finnskt mark.....	13,1196	13,1548
Franskur franki.....	10,5714	10,5998
Belgískur franki.....	1,7368	1,7415
Svissneskur franki.....	38,6270	38,7308
Hollenskt gyllini.....	31,7400	31,8253
Þýskt mark.....	35,7237	35,8197
Ítölsk líra.....	0,04760	0,04772
Austrískur sch.....	5,0750	5,0887
Portúg. escudo.....	0,4195	0,4206
Spánskur peseti.....	0,5704	0,5719
Japanskt yen.....	0,44381	0,44500
Írskt pund.....	95,322	95,579
Sérst. dráttarr.....	81,3108	81,5294
ECU-Evrópur.....	73,3350	73,5321



Signý Sæmundsdóttir.

Ljóðatónleikar Gerðubergs

Fimmtu og síðustu tónleikarnir í Ljóðatónleikaröð Gerðubergs verða haldnir laugardaginn 25. apríl kl. 17 og mánudaginn 27. apríl kl. 20.30 í Gerðubergi.

Á þessum tónleikum munu Signý Sæmundsdóttir söpran stundaði söngnám við Tónlistarskóla Kópavogs og Söngskólann í Reykjavík og lauk einsöngvaraprófi frá Tónlistarháskólunum í Vínborg 1988. Helstu kennarar hennar í Vín voru Helene Karuso, Erik Werber og Wolfgang Gabriel.

Signý hefur tekið þátt í uppfærslum Íslensku óperunnar, síðast í Töfralautunni, einnig í tónleikahaldi bæði heima og erlendis, haldið sjálfstæða tónleika, komið fram með kammerhópum af ýmsu toga og með Symfóníuhljómveit Íslands. Signý er einn fremsti flytjandi nýrrar sönglistar á Íslandi. Hún starfar einnig sem söngkennari við Nýja tónlistarskólann.

Vönduð efnisskrá með þýðingum Reynis Axelssonar fylgir með hverjum aðgöngumiða.

Skólafólki og elliífeyrisþegum veittur afsláttur á báða tónleikana gegn framvisun skirteina.

Silfurlínan

Sími silfurlínunnar er 616262. — Viðvikspjónusta fyrir aldraða. Hringið og kynnið ykkur þjónustuna.

Námskeið Rauða krossins: Slys á börnum

Rauði kross Íslands heldur tveggja kvöldna námskeið um algengustu slys á börnum, hvernig bregðast eigi við slysum og hvernig koma má í veg fyrir þau.

Námskeiðið fer fram að Hótel Lind 27. og 28. apríl. Skráning í síma 26722 á skrifstofu RKÍ.

Tónleikar í Listasafni Sigurjóns

Laugardaginn 25. apríl kl. 17 verða tónleikar á vegum Musica Nova og Goethe Institut í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Þar mun þýski sellóleikarinn Michael Bach leika verk eftir Bernd Alois Zimmermann og John Cage. Verk Cage er sérstaklega samið fyrir Michael Bach og var frumflutt nýlega. Michael Bach nam sellóleik hjá Janos Starker og Pierre Fournier, hefur komið fram víða og hljóðritað mörg samtímaverk.

Hátíðardagskrá Bahá'ía

fer fram laugardaginn 25. apríl í höfuðstöðvum samfélagsins að Álfbakka 12 (2. hæð) í Mjódd og stendur yfir í um hálf tíma, frá kl. 16-16.30.

Hátíðardagskráin er þáttur í árlegu landsþingi Bahá'ía, en að þessu sinni sitja 19 fulltrúar frá 12 kosningasvæðum af landinu þingið, auk fjölda gesta. Eitt af verkefnum fulltrúanna er að kjósa nýtt Þjóðarráð. Kosningin fer fram um morguninn. Þýsk kona, frú Elisabeth Mulschlegel, er heiðursgestur þingsins.

Sýningar að Kjarvalsstöðum 25.4.-10.5. 1992

Laugardaginn 25. apríl opna eftirtaldir sýningar að Kjarvalsstöðum:

Í **Vestursal** verður opnuð sýning á japanskri grafík. Þetta er úrval verka eftir starfandi japanska grafíklistamann frá hinum ýmsu héruðum Japans, þannig að sýningin er bæði fjölbreytt og sýnir það besta sem er að gerast í japanskri grafík í dag. Þetta er farandsýning, sett upp í samvinnu við japanska sendiráðið, styrkt af Tokyo International Exchange Association og var sýningin fyrr á þessu ári í Dublin á Írlandi og í Fredrikstad í Norgei.

Í **Austursalur: Teikningar Kjarvals.** Þetta eru teikningar úr Kjarvalssafni. Jóhannes S. Kjarval var síteknandi alla ævi og liggur eftir hann ógrynni af hinum fjölbreytilegustu teikningum, bæði hvað varðar myndefni, tækni og stærðir. Á þessari sýningu eru teikningar frá hinum ýmsu tímabilum í ævi listamannsins og af ýmsu tagi, s.s. landslagsmyndir, andlitsmyndir af samtímafólki Kjarvals, skissur fyrir stóru freskuna í Landsbanka Íslands, fantasíur o.fl.

Í **Austurforsal** opnar síðasta ljóðasýningin á þessum vetri, á ljóðum **Kristjáns Karlssonar**, en undanfarna mánuði hafa Kjarvalsstaðir og RÚV rás 1 staðið sameiginlega að kynningum á ljóðum núll-

andi íslenskra skálda. Ljóðin eru prentuð og stækkuð upp, límd á veggi og jafnvel glugga — líkt og um myndlistarsýningu væri að ræða. Útvarpað verður beint í þættinum Leslampanum á rás 1 frá opnuninni.

Í **Vesturforsal** opnar **Margrét Zóphaniasdóttir** sýningu á glærverkum.

Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir sýnir í Gallerí 1.1

Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir opnar myndlistarsýningu í Gallerí 1.1, Skólavörðustíg 4b, þann 25. apríl kl. 16.

Guðrún er fædd 1956. Hún útskrifaðist úr Nýlistadeild Myndlistar- og handföskóla Íslands 1978 og nam við Jan van Eyck Academie í Maastricht í Hollandi 1979-82.

Guðrún hefur haldið einkasýningar í Nýlistasafninu 1982, 1986 og 1988, auk einkasýninga í Amsterdam og Finnlandi. Hún hefur tekið þátt í samsýningum heima og erlendis frá 1981.

Á sýningunni eru skulptúrur, rýjaverk og málverk.

Sýningin stendur til 7. maí og er opin alla daga frá kl. 14-18.



Dimmalimm í Gerðubergi

Á sumardaginn fyrsta, 23. apríl, sýnir leikfélagið Augnablik „Barnaleikrit um Dimmalimm“ í menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Haldnar verða tvær hátíðarsýningar og hefst sú fyrri kl. 15, en sú seinni kl. 16.

Sagan um Dimmalimm er hugljúft ævintýri um litla prinsessa, sem heimsækir svan á hverjum degi í heilt ár og leysir hann þannig úr álögum með góðvild sinni og hugrekki. Þessi saga, sem er öllum íslenskum börnum að góðu kunn, er sögð í „Barnaleikriti um Dimmalimm“ á einfaldan og látlausan hátt sem mótvægi við barnaefni sem byggir á hraða og æsingabrellum. Tónlist í sýningunni er eftir Atla Heimi Sveinsson og er hún leikin á þverflautu og sungin. Þannig myndar leiksýningin fallegt samspil sjónleiks og tónlistar.

Leikarar í sýningunni eru þrír, þau Ásta Arnardóttir, Björn Ingi Hilmarsson og Harpa Arnardóttir og flautuleikari er Kristín Guðmundsdóttir. Björg Vilhjálmisdóttir myndlistarmaður gerði leikmynd sýningarinnar.

Verð aðgöngumiða er 400 krónur fyrir börn, en ókeypis aðgangur fyrir fullorðna í fylgd með börnum.

Árbæjarvaktin

M'Á ÞJÓÐA PÉR GIN OG TONIC?
EKKI MEÐAN ÉG ER Á VAKT
ÉG DREKK ALDREI TONIC ÞEGAR ÉG ER Á VAKT

Gunnar & Sámur

VIÐ ERUM AÐ FARA TIL SÓLARLANDA OG ÞU VERÐUR GEYMDUR Á HUNDAHÓTELI Á MEÐAN!
SAMUR, ÞU KEMST EKKI UPP MEÐ AÐ HALDA MÖMMU SEM GÍSL ÞANGAÐ TIL FLUGVÉLIN FER!